

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 130/727**  
**komudagur 12.1.2004**

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík 8. janúar 2004.

Með bréfi dagsettu 11. desember 2003 vísaði menntamálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um starfsumgjörð fjölmiðla, 366. mál., til umsagnar Ríkisútvarpsins.

Að mati undirritaðs er það fyllilega tímært að löggjafinn, með aðkomu fulltrúa allra þingflokka, gaumgæfi ástand og horfur varðandi stöðu íslenzkra fjölmiðla, jafn mikilvæg og hún er fyrir hina lýðræðislegu umræðu í þjóðfélaginu á hverjum tíma, uppbyggingu þess og þróun.

Þó að tillagan miði fyrst og fremst að athugun á hinum markaðsvæddu fjömiðlum og eignarhaldi á þeim, er þó jafnframt brýn ástæða til að beina athyglinni að fjölmiðlum í almannabágu eins og Ríkisútvarpinu, hver staða þeirra er í heildarmyndinni sem við blasir, hvaða hlutverki þeir eigi að gegna i bráð og lengd og hvernig eðlileg starfsemi þeirra verði bezt tryggð til frambúðar m.a. með hliðsjón af harðnandi samkeppni á fjölmiðlamarkaði og hinni öru framvindu í boðskiptum og fjarskiptatækni.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson